

Nd.

48. Tillaga

til þingsályktunar um framkvæmd á 7. gr. sambandslaganna.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina:

1. Að láta einn ráðherranna vera og heita utanríkisráðherra Íslands.
2. Að halda fast fram skilningi hins íslenska hluta ráðgjafarnefndarinnar eftir 16. gr. sambandslaganna, að þeir menn sje íslenskir embættismenn, sem sendir eru eftir 7. gr. 3. lið, þangað sem engir eru danskir sendiherrar eða sendiræðismenn, og slíkt hið sama ráðunautar, sendir eftir sömu gr. sama lið.
3. Að láta þá menn hafa embættisheitið *sendiherra um stundarsakir*, sem stjórnin sendir til sjerstakra samninga eftir 7. gr. sambl. 3. lið.
4. Að láta þessa sendiherra um stundarsakir gera alla samninga fyrir Ísland og láta utanríkisráðherra vörn undirrita staðfesting þeirra með konungi.
5. Að sjá um, að sendiherra vor í Kaupmannahöfn gangi þar að öllu til jafns við sendiherra annara þjóða, ef svo er eigi áður.
6. Að sjá um, að einkaritari konungsins yfir Íslandi hafi rjett embættisheiti, en kallist eigi lengur »Kabinetssekretær for de islandske Anliggender«.